| | | | |
|---|---|---|---|
| **Kennari** | Inga Björg Ólafsdóttir | **Sk.st.** | IBÓ |

| | |
|---|---|
| **Áfanga-markmið/ viðfangs-efni:** | **Meginmarkmið**<br>Að nemandi kynnist hugmyndafræði fjölskyldu- og heilsugæsluhjúkrunar með forvarnir að leiðarljósi. Að nemandi þekki áhrif geðraskana á einstaklinga og fjölskyldur og kynnist þróun og meðferðarformum algengra geðsjúkdóma.<br><br>**Áfangalýsing**<br>Í áfanganum er lögð áhersla á heildarhyggju. Fjallað er um hugtök og kenningar í fjölskylduhjúkrun. Farið er í kenningar um þroskaferil fjölskyldunnar, þarfir og verkefni fjölskyldumeðlima á ýmsum þroskastigum. Hugtök og kenningar í tengslum við barneignir eru kynntar. Farið er í hugmyndafræði heilsueflingar og hjúkrunarviðfangsefni í tengslum við fjölskyldu- og heilsugæsluhjúkrun. Fjallað er um meðgöngu, fæðingu og þroska barna og unglinga. Farið er í ofbeldi í fjölskyldum og afleiðingar þess. Fjallað er um barnahjúkrun og áhrif sjúkdóma á þroska og afkomu fjölskyldunnar. Hugmyndafræði geðhjúkrunar er kynnt. Fjallað er um algengar geðraskanir, forvarnir, meðferð og endurhæfingu geðsjúkra með áherslu á fjölskyldumiðaða nálgun.<br><br>**Áfangamarkmið:**<br>Að loknu námi í áfanganum á nemandi að<br><br>• Þekkja helstu kenningar um þroskaferli fjölskyldunnar og viðfangsefni á mismunandi þroskastigum<br>• Geta gert grein fyrir hugmyndafræði heilsueflingar og heilbrigðisfræðslu<br>• Þekkja eðlilegt barneignarferli og frávik<br>• Þekkja eðlilegan vöxt og þroska barna og unglinga<br>• Þekkja ýmis einkenni ofbeldis innan fjölskyldu og afleiðingar þess<br>• Vera færir um að greina og túlka áhættur í umhverfi barna og unglinga<br>• Þekkja viðbrögð barna og unglinga við sjúkdómum og vanheilsu<br>• Geta mætt mismunandi hjúkrunarþörfum barna og unglinga<br>• Þekkja þær breytingar sem verða hjá fjölskyldum þegar barn þarf vistun á stofnun<br>• Þekkja þörfina á þverfaglegri samvinnu í fjölskylduhjúkrun<br>• Þekkja meginhugtök í geðhjúkrun og hafi yfirsýn yfir algeng meðferðarform<br>• Geta greint frá helstu þáttum er tengjast hugmyndafræði geðhjúkrunar |

| Tegund | Námsgögn |
|---|---|
| Kennslubók | Bókin um barnið (með þeim fyrirvara að nemendur geti fengið hana lánaða). Meðganga og fæðing<br>Ýmis ljósrit frá kennara og ymsar vefsíður notaðar, t.d.<br>http://www.doktor.is og http://www.ljosmodir.is |
| Ljósrit | Ýmsar greinar og verkefni. |

| Vika | Námsefni |
|---|---|
| 2 - 4 | Verknám nemenda. |
| 5 - 6 | Þroskaferill fjölskyldunnar, Þroskaverkefni fjölskyldunnar<br>Fjölskyldumynstur. Að leggja rækt við fjölskylduna |
| 7 – 8 | Meðganga og fæðing, Fósturþroski<br>Meðganga og mæðravernd, Stig fæðingar<br>Brjóstagjöf, Fæðingarþunglyndi |
| 9 – 11 | Þroski barna, Eðlilegur þroski barna<br>Þroskafrávik,Börn með sérþarfir |
| 12 – 13 | Barnasjúkdómar, Helstu barnasjúkdómar<br>Áhrif veika barnsins á fjölskylduna<br>Áhrif veikinda og sjúkrahúsdvalar á barnið |
| 14 - 15 | Páskafrí. |
| 15 - 18 | Geðsjúkdómar. Meginhugtök í geðhjúkrun og algeng meðferðarform<br>Hugmyndafræði geðhjúkrunar |

*Athugið: Með vikunúmeri er átt við vikur ársins eins og á dagatalinu í INNU.*

| Námsmat | Lýsing | Vægi |
|---|---|---|
| Ritgerð | Viðtalsritgerð 8-12 blaðsíður | 50% |
| Skyndipróf | Tvö próf á önninni | 35% |
| Frammistaða á önn | Heimaverkefni tvö til fjögur. | 15% |

Nemandi þarf að ná 4.5 í einkunn á annarprófum og ritgerð til að standast áfangann og aðrir þættir námsmats gildi.

**Réttur til breytinga áskilinn.**

**Dagsetning:**

**Undirritun kennara**      **Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils**